




SKÓGAHVERFI AKRANESI, DEILISKIPULAG 2. ÁFANGA BREYTING



Samþykkt deiliskipulag



Breytt deiliskipulag Mörk breytinga 1:1000



Aðalskipulag Akraness 2005-2017, 1:10.000

SKÝRINGAR:

E-I	EINBÝLISHÚS, EIN HÆÐ Mismunandi húsgerðir		GATA / BÍLASTÆÐI
R-I	RADHÚS, EIN HÆÐ Mismunandi húsgerðir		GANGSTÉTT / GÖNGUSTÍGUR
R-II	RADHÚS, TVÆR HÆÐIR Mismunandi húsgerðir		BINDANDI BYGGINGARLÍNA A.m.k. hluti huss standi í þessari línu.
F-II	FJÖLBÝLISHÚS, TVÆR HÆÐIR Mismunandi húsgerðir		BYGGINGARREITUR
F-III	FJÖLBÝLISHÚS, ÞRJÁR HÆÐIR Mismunandi húsgerðir		BYGGINGARREITUR FYRIR EINNAR HÆÐAR ÚTBYGGINGAR VIÐ MEGINHÚSFORM
Z	SPENNISTÖÐ		KVÖÐ UM ALM. GÖNGU- OG HJÓLARÉTT
E	BIFREIÐASTÆÐI INNAN LÓÐAR OG FJÖLDI		KVÖÐ UM STEINSTEYPTAN LÁGAN VEGG VIÐ GARÐA ÞRIGGJA HÆÐA FJÖLBÝLISHÚSA
	OPID SVÆÐI / LEIKSVÆÐI		KVÖÐ UM GARÐAÐGengi
	ÚTLÍNUR LÓÐA		MÖRK SKIPULAGSSVÆDIS
	AFMÖRKUN LÓÐAHLUTA TIL EINKANOTA		

Bæjarstjórn Akraness leggur til að deiliskipulagi 2. áfanga Skógarhverfis verði breytt á þann veg að í stað þriggja íbúða raðhúss við Eyrarlund 2, 4 og 6 komi tvö parhús, Eyrarlundur 2, 4, 6 og 8. Húsagerð og skilmálar eru óbreyttir.

Breyting á deiliskipulagi felst í fjölgun íbúða um eina. Minni háttar breytingar hafa verið gerðar og kunna að verða á íbúðafjölda á einstaka lóðum. eru þær bæði til fækkunar og fjölgunar íbúða. Ekki er talin ástæða til að uppfæra áætlaðan heildaríbúðafjölda sem tilgreindur er í 1. kafla greinargerðar eða fjölda íbúðagerða í kafla 3.3 þar sem hvorki er um grundvallarbreytingar að ræða né stóran hluta hverfisins. Engin breyting er því gerð á texta greinargerðar.

Eftirtaldir breytingar eru gerðar á skipulagsuppdrætti:

- Í stað byggingarreits fyrir þriggja íbúða raðhús á lóðinni Eyrarlundur 2-6 koma tveir byggingarreitir fyrir parhús. Ytri mörk byggingarreita eru þau sömu.
- Afmörkun lóðahluta til einkanota er breytt til samræmis.
- Bindandi byggingarlína er færð að úthornum hversrar íbúðar götumegin.
- Kvöð um aðgengi að bakgördum er felld út þar sem hún verður óþörf.
- Bílastæðum er fjölgað um tvö og þau færð til samræmis við breytt mörk lóðahluta.

Fjölgun íbúða hefur engin neikvæð áhrif á umhverfi eða nágranna þar sem hún er innan gildandi byggingarreits og hæðamarka. Um breytta lóð og byggingarreiti gilda óbreyttir skilmálar. Breytingin er óveruleg og fellur undir 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem breytingin varðar ekki aðra hagsmunaaðila en umsækjanda og sveitarfélagið eiga ákvæði 3. mgr. 44. gr. laganna við.

Deiliskipulagsbreyting þessi var samþykkt í bæjarstjórn Akraness með vísan í 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann _____ 2016

_____ bæjarstjórnin á Akranesi

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda _____

Unnið fyrir Trésmiðju Guðmundar Friðrikssonar ehf. í samvinnu við Skipulags- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar 29.6.2016